

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 21.02.2024

Verkefnaráð	1
Vefur Listasafns Reykjavíkur: Verkefni í vanda	2
Azure future verkefnið – Skilvirkni og hagkvæmni umhverfis fyrir stafrænar vörur	4
Önnur mál	8
Hverfið mitt og samráðsgátt - vörustjórahlutverk	8
Regluvörður – innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila	9
Hlíting stafrænna lausna	9

Verkefnaráðsfundur 21.02.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 21.2.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Ingunn Eyþórsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Kristjana Björk Barðdal, Guðmundur Jósefsson	
Fjarverandi: Bára O'Brien Ragnhildardóttir,	
Fundarritari: Bára O'Brien Ragnhildardóttir/ Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Miðvikudaginn, 21. febrúar 2024, kl. 10:45– 11:30 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:45–10:50 Samstilling

10:50–11:05 Vefur Listasafns Reykjavíkur: Verkefni í vanda – Ingunn og Lára

11:05–11:10 Umræður

11:10–11:25 Azure future: Skilvirkni og hagkvæmni umhverfis fyrir stafrænar vörur – Kristjana

Björk og Guðmundur

11:25–11:30 Umræður og önnur mál

11:30 Fundi slitið

Vefur Listasafns Reykjavíkur: Verkefni í vanda

Verkefni í vanda þar sem kostnaður er kominn umfram frumkostnaðaráætlun, ástæða er helst flækjustig og óviðráðanlegar tafir. Umframkostnaður er innan vikmarka frumkostnaðaráætlana og gerð hefur verið kostnaðaráætlun 1.

Forsaga:

Júní Digital vann útböð á vegum Reykjavíkurborgar um nýja vefsíðu fyrir safnavefi (Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn.) Metið var 350 klst í bakendaforritun tengt vefnum og var gert ráð fyrir mótfamlagi frá Devops Reykjavíkurborgar.

Eftir nánari greiningu er ljóst að flækjustig verkefnisins er umfram það sem áætlað var í upphafi verks.

Vandamálið sem glímt er við er eftirfarandi:

- Vinna hefur verið í gangi undanfarin tvö ár við að þróa, hanna, forrita og setja upp ný vefsvæði fyrir Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur.
- Áætlað var að verkefnið myndir klárast um síðustu áramót.
- Verkpættir hafa tafist af ýmsum orsökum (nýtt vefumsjónarkerfi, tafir á efnisskilum, samþætting við gagnagrunna og fleira).
- Listasafnið vill ekki birta vefinn fyrir en ákveðnir hnökrar hafa verið lagfærðir.
- Lagfæringar snúast aðallega um framsetningu á safneign.
- Útfærsla á safneigninni var ekki ávörpuð í nægilegum smáatriðum í útböðinu (er þó innan afmörkunar).
- Fjármagn verkefnisins er fullnýtt.

- Tilboð birgja til að klára verkefnið hljóðar upp á um 1 m.kr.

Tillaga að úrlausn: Til þess að fullklára verkefnið og skila safnavefnum í þeim gæðum sem lagt var upp með í byrjun, leggur Júní til að 200 aukatímar í forritun verði samþykktir í verkefnið. Ástæður og rökstuðning má sjá í minnisblaði.

Ávinningur:

- Aðgengilegri og betri vefsvæði
- Miðlæg stýring og yfirsýn
- Minni rekstar- og viðhaldskostnaður
- Bætt upplýsingagjöf til borgarbúa og annarra gesta
- Bætt ímynd safna Reykjavíkurborgar
- Aukið veföryggi
- Sýnilegt stafrænt verkefni

Afurðir

- Nýr vefur Listasafnsins
- Nýtt vefumsjónarkerfi (Strapi)
- Bætt utanumhald í vefverslun og bókunarkerfi

Hvað gerist ef verkefnið er ekki unnið

- Mikil öryggishætta af núverandi vefsvæði
- Fjárfesting sem ekki nýtist

Áætlaður kostnaður: Tæplega 1 m.kr. sem vantar uppá að klára verkefnið.

Í upphafi var áætlað um 50 m.kr í verkefnið, heildarkostnaður 20.2.2024 er 60,2 m.kr. Kostnaðaráætlun 1 hljómar upp á 61,2 m.kr.

Helstu ástæður hækkunar er launakostnaðar birgja m.a. vegna verðlagsþóunar á tímabilinu, samþættingar, þýðingar og sérfræðiráðgjöf og laun vegna þróunarverkefna.

Tímarammi: 200 klst

Óskað er eftir: Fjármögnun uppá tæplega 1 m.kr

Að verkefnaráð taki ákvörðun:

Leið A: Viðbótarfjármagn og klára þannig verkefnið

- Setja áhersluna á að lagfæra nýjan vef sem er langt kominn og setja aukið fjármagn í að gera hann boðlegan í birtingu
- Kostir: Betra miðlægt utanumhald, nýtum þekkingu innanhúss, minni kostnaður, samstarf þvert á svið borgarinnar

- Gallar: Kerfi í rekstur, vöktun og ut anumhald

Leið B: PON lýkur aðkomu sinni að verkefninu án þess að vefurinn fari í loftið.

- Kostir: Listasafnið stýrir sjálft ferðinni, einfaldari boðleiðir
- Gallar: Engin miðstýring, samstarf farið, meiri kostnaður, minna aðgengi

Tegund verkefnis: Vefverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu: óþekkt dagsetning: 4 4 2 4 5 4 3,40

Niðurstaða

Verkefnaráð samþykkir þennan kostnað.

Mikilvægt að gerð sé ítarlega grein fyrir hvað olli því að verkefnið fór fram úr áætlunum, draga saman lærdóminn af svona umfangsmiklu verkefni.

Mikil og flott vinna hefur verið unnin sem þarf til að þróa vefi sem hafa þarfir notenda að leiðarljósi. Með samræmdum bakenda hafa starfsmenn stofnananna tækifæri til að læra og þróa í sameiningu.

Nr.	Ákvörðun
1	Kostnaðaráætlun 1 samþykkt og óskað eftir að ljúka verkefninu sem fyrst
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Azure future verkefnið – Skilvirkni og hagkvæmni umhverfis fyrir stafrænar vörur

Azure er skýjaumhverfi sem geymir hugbúnað og allt sem tilheyrir því. Með verkefninu á að endurskoða, þróa og setja upp endurbætt umhverfi.

Verkefnaráð hefur fengið kynningu á verkefninu þann 12.10.2023, þá var framtíð Azure umhverfisins kynnt. Í stuttu máli: Azure skýjaumhverfi Reykjavíkurborgar uppfyllir ekki lengur þær kröfur og þarfir sem tæknilegir innviðir borgarinnar þarfnast til þess að hægt sé að halda áfram stafrænni þróun. Umhverfið

hefur ekki þróast að fullu í takt við aðra stafræna innviði og þær þarfir sem fyrir liggja í stafrænni þróun. Einnig gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út samræmda umgjörð um innkaup, umsjón og notkun Azure skýjaþjónustu Microsoft núna skömmu fyrir áramót. Nauðsynlegt er að borgin aðlagi sitt umhverfi þeirri umgjörð en með því að útbúa og innleiða samræmda umgjörð um Azure skýjaþjónustuna þar sem sama hönnun er innleidd oft næst að tryggja öryggisstig og stytta þróunar- og afhendingartíma nýrra vara hjá opinberum aðilum. Umgjörðin tryggir auk þess að uppsetningar verði samræmdar, hvort sem innleiðing og rekstur er í höndum miðlægs aðila, opinbers aðila sjálfs eða er í höndum þjónustuaðila af einkamarkaði. Því þarf að hanna og setja upp nýtt umhverfi fyrir Reykjavíkurborg í Azure skýjalausninni. Verkefnið var samþykkt af verkefnaráði.

Þann 23.11.2023 var tekin fyrir beiðni um þörf á auknu hlutfalli verkefnastjóra, þ.e. fara úr 50% í 100%. Um er að ræða mikilvægt innviðaverkefni er snýr að því að koma upp þróunar og rekstraumhverfi sem svarar þeim kröfum sem framan greinir. Nauðsynlegt að hafa þetta á góðum stað svo það sé hægt að innleiða vörur í þjónustu. Það mun kosta okkur óþarfa fjármagn og vandræði ef við drögum úr þessu verkefni.

Utanaðkomandi verktakar komu inn í verkefnið í janúar og aðstoðuðu við endurskilgreiningu verkefnisins og er núverandi verkefni afsprengi þeirrar vinnu, þ.e. einföldun og hagræðing umhverfis fyrir stafrænar vörur og samræming við umgjörð ríkisins.

Ut anumhald, þ.e. ferli tengd innviðum skýjaumhverfisins Azure, verður skilvirkara og hagkvæmara með þessu. Auðvelda þarf aðgengi allra þróunarteyma borgarinnar að skýjaumhverfinu sem og styðja þau í að vinna sjálfbært með auðlindir innan þess. Einnig þarf að auka vitund og gagnsæi kostnaðar tengdum stafrænum vörum.

Fyrir hver er Azure: Þau sem þróa, gefa út og reka lausnir í Azure:

- ÞON: Vefdeild, gagnþjónusta, hugbúnaðarþróun, rekstrardeild
- Önnur svið/einignar sem eiga stafrænar vörur: Bílastæðastjóður, SBB (Hverfið mitt), o.s.frv.

Verkefninu má skipta í 3 fasa:

1. Úttekt og greining á umhverfi og ferlum
2. Innleiðing bætts umhverfis og ferla, skipulagning rekstrarteymis
3. Virkt rekstarteymi, ferlum og umhverfi viðhaldið

Hvers vegna er verið að koma aftur fyrir verkefnaráð:

Forsaga

- Fyrsta útgáfa Azure skýjaumhverfis hjá Reykjavík óx „organískt“ – nú þarf að endurskipuleggja og ná fram meiri skilvirkni.

Hvað hefur gerst frá síðustu innkomu hingað?

- Reynsla komin; verkefnishópur í sameiningu með Microsoft hefur áttað sig betur á umfangi og flækjustigi þess sem þarf að gera.
- Upphafleg áætlun var ekki fullnægjandi miðað við kröfur og þarfir hagsmunaaðila.
- Viljum gera þetta vel og til framtíðar nú þegar náð hefur verið utan um verkefnið
- Tryggja þanþol bæði þegar kemur að tíma og fjármagni
- Vinna þétt að því að fjölga pilot verkefnum

Forgreiningarfasí

- Hefja vinnu með Microsoft þar sem fylgt er formerkjum Cloud Adoption Framework (CAF) og umgjörð ríkisins.
- Þarfagreining hagsmunaaðila og áætlanagerð er hafin, þ.e. forgreining fyrir fasa 1 er byrjuð, en skortir fjármagn
 - Greining á kostnaði til að hagræða í leyfiskostnaði er hafin

Fasi 1 - 3

- Útbúa þarf ítarlegri verkefnislýsingu eftir ákvörðun verkefnaráðs, sérstaklega hverjar þarfir Azure rekstrarteymis eru.

Með verkefninu á m.a að:

- Auðvelda aðgengi allra þróunarteyma borgarinnar að skýjaumhverfinu sem og styðja þau í að vinna sjálfbært með auðlindir innan þess, ásamt því að auka gagnsæi kostnaðar tengdum stafrænum vörum.
- Greina þarfir þróunarteyma.
- Skilgreina og innleiða sjálfbæra ferla varðandi umhverfið.
- Standsetja Azure rekstrarteymi sem inniheldur DevOps teymi.

Ávinningur/ábatí:

- Betri nýting leyfa og gagnsæi í kostnaði
- Skýrari ferlar við þróun og útgáfu lausna
- Öruggari og skalanlegri þróun, útgáfa og rekstur
- Hraðari þróun og útgáfa stafrænna lausna
- Talið er að hagræði er verður til við betri nýtingu leyfi geti jafngilt um 291 m.kr

Tímarammi: 3 ár

Áætlaður kostnaður: 279 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármögnun fyrir verkefninu sem skiptist í þrjá fasa, heild 279 m.kr.
- Verkefnastjóra í 3 ár
- Utanhúss kostnaður - verktakar

Tegund verkefnis:

Umbreyting og rekstur

Næstu skref:

- Skjölun kerfiseininga sem settar eru upp í Azure.
- Skjölun útgáfu- og þróunarferla.
- Kostnaður við rekstur núverandi og nýs Azure umhverfis kortlagður í þaula.
- Forgangsraðaður listi yfir öll aðföng sem þarf að setja upp í Azure.

- Áætlun fyrir framhaldið eftir apríl 2024.
- Staðfesting á að Azure umhverfi uppfylli öryggiskröfur sem til þess eru gerðar.
- Staðfesting á að Azure umhverfi uppfylli kröfur til stækkunar, breytinga og aukinnar notkunar (skalanleiki).
- Staðfesting á fylgni Azure umhverfis við umgjörð ríkisins.
- Skilgreining á eftirliti með kerfisinnviðum og kostnaði við Azure.
- Undirbúa og framkvæma þekkingaryfirfærslu til Azure rekstrarteymis

Framhald af því:

- Koma upp rekstrarteymi sem mun sjá um Azure og DevOps mál

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 16.10.2024: 3 4 1 3 5 2 2,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir, enda er þetta algjörlega nauðsynlegt til framtíðar.

Nauðsynlegt er að skipuleggja umhverfið til framtíðar til að styðja þróunina, skapar gríðarlega mikið hagræði, sparnaði í bæði mjög áþreifanlegum þáttum svo sem kostnaði við hýsingu, leyfum og þróun en ekki síður gríðarlegur tímasparnaður fyrir fjölda aðila sem vinna handavinnu við þessi mál í dag.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt í verkefnaráði
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2		EBB/BOB	x
3			

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Hverfið mitt og samráðsgátt - vörustjórahlutverk

Beiðni frá verkefnastjóra er hér að neðan, tillaga sem send var á eiganda verkefnis má sjá í skjalinu: Vörustýring fyrir lýðræðislausnir.

Óskað er eftir að verkefnaráð skoði tillögu að vörustjórahlutverki fyrir lýðræðisverkefnið Hverfið mitt og Samráðsgátt.

Samtal um vörustjórahlutverk við eiganda hefur átt sér stað síðan í október 2023. Deildarstjóri vef- og vörustýringar hefur tekið þátt í samtalinu frá upphafi og útskýrt vel fyrir eiganda hvað felst í hlutverkinu, sem og að nokkrar leiðir séu færar. Erfiðlega hefur gengið að fá ákvörðun hjá eiganda varðandi vörustjóra fyrir verkefnið.

Tölvupóstur var sendur á eiganda 15. febrúar síðastliðinn þar sem lögð var upp tillaga ÞON að aðkomu vörustjóra fyrir lýðræðisverkefnið. Ekki hefur borist svar við þeirri tillögu.

Í tillögunni kemur m.a. Fram:

Ráðlagt er að Hverfið Mitt og Samráðsgátt falli undir regnhlífarhugtakið Stafrænar Lýðræðislausnir með aðkomu vörustýringar sem eftirfylgni (33% af stöðugildi vörustjóra).

Óskað er eftir að verkefnaráð taki ákvörðun um vörustjórahlutverk fyrir Hverfið mitt og Samráðsgátt sem síðan er hægt að upplýsa eiganda um.

Niðurstaða verkefnaráðs

Samkvæmt nýju fyrirkomulagi um gjaldskrá þjónustu- og nýsköpunarsviðs þá verður rukkað fyrir hlutverk sem styðja við og sinna stafrænum lausnum þvert á borgina. Sett hefur verið upp fyrirkomulag til að meta umfang fyrir mismunandi lausnir og að lágmarki verður rukkað 10% stýring, en í minnisblaði má sjá hvað felst í því. Þetta fyrirkomulag er nýjung, þó ljóst hafi verið að við yfirfærslu yrði einhver rekstrar kostnaður. Hinsvegar er þessi kostnaður ekki valkvæður, en skrifstofur geta óskað eftir meiri stuðning umfram þessa lágmarks umsýslu eða virkara utanumhaldi í áframþróun eftir þeirra þörfum og aukið þá hlutfallið í samráði við ÞON.

Nr.	Ákvörðun
1	Vörustjórahlutverk er ekki valkvætt sbr. niðurstaða verkefnaráðs
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra verkefnanna og deildarstjóra vef- og vörustýringar	EBB/BOB	x

2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar	EBB/BOB	x
---	---	---------	---

Aftur í efnisyfirlit

Regluvörður – innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila

Regluvörður – innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila: verkefni lokið, afhending og kynning lausnar. Ekki keypt lausn, var smíðuð í tæknistakk borgarinnar.

Hlíting stafrænna lausna

Verkefnaráð upplýst um ákvörðun eiganda að hætta við verkefnið.

Verkefninu lauk í janúar 2024, eigandi verkefnis ákvað að hætta með verkefnið þar sem ákveðið hefur verið að hætta með Airtable kerfið. Tekið var afrit af gögnunum úr Airtable yfir á Excel-skjal en send var fyrirspurn á UTR til að athuga möguleika á annarri lausn fyrir varðveislu á gögnum. Enginn fjárfestingarkostnaður féll á verkefnið.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 7. mars 2024